

## Innkomnar umsagnir og athugasemdir – Á kvæði um rekstrarleyfisskylda gistingu á íbúðarsvæðum, breyting á aðalskipulagi

<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd/umsögn</b>	<b>Viðbrögð við athugasemd/umsögn</b>
Guðrún D. Harðardóttir f.h. Reykjavrents	1.Mismunun að ekki sé heimilt að vera með rekstrarleyfisskylda gistingu í fjölbýlishúsum nema að sami aðili sé eigandi að öllum íbúðunum eða fyrir liggur samþykki allra eigenda hússins. Orlofsíbúðir mega vera í fjölbýlishúsum og engin rök að það sama eigi ekki að gilda um slíkar íbúðir þar sem áhrifin eru sambærileg. 2.Það ættu ekki að vera sömu reglur fyrir fjölbýli með sér inngang. 3. Breytingar á regluverki undanfarin ár hafa verið mjög íþyngjandi.	1.Samkvæmt lögum þarf engin leyfi fyrir orlofsíbúðir þar sem löggjafinn lítur á slíka notkun sem hefðbundna notkun eigenda íbúðanna. Orlofsíbúðir þurfa því engin leyfi frá bænum. 2.Ekki var talið æskilegt að hafa mismunandi reglur fyrir mismunandi tegundir fjölbýla. 3.Það er rétt að regluverkið hefur verið að breytast undanfarin ár en með þessari breytingu er verið að rýmka heimildir frá því sem nú er.